

Hverfisráð Hlíða

Ár 2017, fimmtudaginn 27. apríl, var haldinn 140. fundur hverfisráðs Hlíða. Fundurinn var haldinn að Laugavegi 77 og hófst kl. 16.38 Viðstödd voru: Margrét M Norðdal, Hrefna Guðmundsdóttir, Örn Þórðarson, Viktor Stefánsson, Heiðrún Ólafsdóttir, Gissur Guðmundsson áheyrnarfulltrúi og Tryggvi Scheving Thorsteinsson áheyrnarfulltrúi Íbúasamtaka Hlíða. Þá sátu fundinn þau Sigprúður Erla Arnardóttir og Hörður Heiðar Guðbjörnsson sem ritaði fundargerð.

Þetta gerðist

1. Lagt fram bréf frá umhverfis- og skipulagssviði, dags. 31. mars 2017, vegna Skógarhlíðar 20.

Fulltrúi Framsóknar og flugvallarvina leggur fram svohljóðandi bókun:

Á grundvelli yfirlýsinga meirihlutans um samráð og lýðræðisvilja er það tillaga Framsóknar- og flugvallarvina að tillagan verði kynnt með fullnægjandi hætti til íbúa hverfisins, en ekki aðeins rætt um stækkun byggingarreits.

2. Lagt fram bréf frá umhverfis- og skipulagssviði, dags. 3. apríl 2017, vegna Kennaraháskóla Íslands, reitur, 1,254. Framkvæmdastjóra falið að senda inn umsögn.
3. Lagt fram bréf frá umhverfis- og skipulagssviði, dags. 3. apríl 2017, vegna Krínglumýrarbrautar frá Miklubraut að Bústaðavegi. Framkvæmdastjóra þjónustumiðstöðvar Vesturbæjar, Miðborgar og Hlíða falið að senda aftur inn umsögn um þetta mál frá desember 2016.
4. Lagt fram svar frá umhverfis- og skipulagssviði, dags. 10. apríl 2017, vegna hraðamælingar við Suðurhlíð.

Hverfisráð leggur fram svohljóðandi bókun.

Hverfisráðið þakkar kærlega fyrir skjót svör við ofangreindu og óskar eftir því að gripið verði til hraðatakmarkanna aðgerða sem fyrst.

5. Lagt fram svar umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 10. apríl 2017, vegna hverfaskipulags í Háteigshverfi, Hlíðum og Óskjuhlíðahverfi.
6. Lagt fram bréf frá ungmennaráði, dags. 26. apríl 2017, vegna aðkomu að hverfisráðum í Vesturbæ, Miðborg og Hlíðum.
7. Lagðar fram og teknar fyrir umsóknir vegna fjárstyrkja hverfisráðs Hlíða.
8. Lagðar fram og teknar fyrir umsóknir í forvarnarsjóð Reykjavíkurborgar.
9. Fram fer umræða um fyrirhugaðan fund með Rauða krossi Íslands.
10. Lagt fram erindi frá íbúa, dags. 26. apríl 2017, vegna gönguljósa út frá Austurbæ yfir Snorrabraut. Framkvæmdastjóra þjónustumiðstöð Vesturbæjar, Miðborgar og Hlíðar falið að senda inn erindi til umhverfis- og skipulagssviðs.

Fundi slitið kl. 17.58

Margrét M. Norðdahl

Örn Þórðarson
Viktor Stefánsson

Heiðrún Ólafsdóttir
Hrefna Guðmundsdóttir